

misræmið á fjárhæð ávísunarinnar og fjárhæð samanlagðra reikninganna á dskj. 13—16, það er gkr. 722.200.

Stefndi hefur ekki lagt fram neinar kvittanir vegna greiðslu á málningarvinnu stefnanda.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, og það haft í huga, að fram er komið, að stefndi rekur eigið fyrirtæki, og samkvæmt dskj. 13 og 14 virðist stefnandi hafa menn í vinnu, þá þykja málsaðiljar báðir hafa brotið svo meginreglu laga nr. 85/1936 um skýran og ljósan málatilbúnað, að vísa beri máli þessu frá dómi ex officio.

Þrátt fyrir ákvæði 180. gr. laga nr. 85/1936 þykir með vísan til 178. gr. sömu laga rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna jólaleyfis og mikilla anna dómarsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1982.

Nr. 42/1982. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Helga Sigurðssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Guðmundur Björnsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, hefur gert hina kærðu dómssátt.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1982, sem barst dóminum sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Hinn 15. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi ríkissaksóknara sama dag endurrit af þinghaldi í sakadómi Ísafjarðarsýslu, er fram fór 26. fyrri mánaðar. Kom varnaraðili þá fyrir dóm, og var honum kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Hann kvaðst ekki vilja koma að neinum kröfum í kærumáli þessu.

Hinn 12. september 1981 var varnaraðili handtekinn vegna gruns um ölvunarakstur. Reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.34‰. Hinn 16. nóvember s. á. samþykkti varnaraðili í sakadómi Ísafjarðar að greiða 2.400.00 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og að sæta ökuleyfissviptingu í 6 mánuði frá þeim degi að telja. Var brot varnaraðilja heimfært í dómssáttinni undir 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, svo og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga skal réttinda-svipting vegna brots á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga eigi vera skemmri en 1 ár. Framangreind málalok um ökuleyfissviptingu voru því óheimil að lögum, og ber að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómssátt er felld úr gildi.

Dómssátt sakadóms Ísafjarðar 16. nóvember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 16. nóvember, var sakadómur Ísafjarðarsýslu settur í slysavarnaskýlinu á Þingeyri og haldinn af Guðmundi Björnssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið mál nr. 526/1981: Rannsókn í tilefni af kæru um meint áfengis- og umferðarlagabrot Guðm. H. Sigurðssonar.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 lögregluskýrslu, nr. 2 varðstjóraskýrslu, nr. 3—4 blóðtökuvottorð, nr. 5 niðurstöðu alkóhól-ákvörðunar, nr. 6 sakavottorð, sem fylgja.

Klukkan 1640 mætir kærði í réttinum. Nafn: Guðmundur Helgi Sigurðsson. Stétt eða atvinna: skipstjóri. Heimili: Aðalstræti 1,

Þingeyri. Fæðingardagur: 10. desember 1950. Fæðingarstaður: Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Áminntur um sannsögli kveðst mætti viðurkenna að hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis, er lögreglan hafði afskipti af honum við akstur bifreiðarinnar R 72708 þann 12. sept. sl. Aðspurður kveðst mætti ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar R 72708 í greint sinn. Mætti kveðst fallast á að gera dómssátt í málinu.

Dómarinn skýrir kærða frá því, að í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt sinn, hafi við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu mælst 1.34‰ af alkóhóli. Kærða eru kynnt framlögð skjöl, og kveðst hann ekkert hafa við þau að athuga.

Til að sleppa við málssókn út af brotinu samþykkir kærði að greiða kr. 2.400.00 í sekt til ríkissjóðs og að vera sviptur öku leyfi í 6 mánuði frá 16. nóv. 1981 að telja.

Framangreint brot varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Sektin greiðist innan 4 vikna, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 8 daga.

Málkostnaður, kr. . . ., greiðist strax/fyrir sama tíma (sic).

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður samkv. heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974.
